Brauð, korn og sætindi

brauð (N) chléb
franskbrauð bílý chléb
rúnnstykki (N) houska
terta koláč
kaka dort, koláč
smákaka sušenka
samloka sendvič

haframjöl (N) ovesná mouka
(hafra)grautur ovesná kaše
kornmatur cereálie
hveiti (N) mouka
sykur cukr
hrísgrjón (N) rýže

mjólk (F) mléko
rjómi (M) smetana
smjör (N) máslo

ostur sýr
jógúrt (F) jogurt
egg (N) vejce

Grænmeti og ávextir

grænmeti (N) zelenina
kál (N) zelí
gulrót *(-rætur)* (F) mrkev
kartafla brambora
laukur cibule
hvítlaukur česnek
sveppur *(-ir)* houba
tómatur rajče
gúrka okurka
paprika (F) paprika
(gul)rófa tuřín
baun (F) fazole

ávextir *(sg. ávöxtur)* ovoce
appelsína pomeranč
epli (N) jablko
banani (M) banán
pera hruška
sítróna citron
ferskja broskev
vínber (N) hroznové víno
bláber (N) borůvka
jarðarber (N) jahoda
rúsína rozinka
hneta oříšek

Kjöt (N) **og fiskar**

lambakjöt jehněčí
nautakjöt hovězí
svínakjöt vepřové
kjúklingur kuře
fuglakjöt drůbež

svínasteik (F) vepřová pečeně
kjötbolla karbanátek
skinka šunka
pylsa párek
bjúga uzenka

ýsa treska skvrnitá
þorskur treska obecná
lax (M) losos
síld (F) sleď
rækja kreveta

fiskflak (N) rybí filé
súpa polévka

Matreiðsla

búa til mat připravovat jídlo

baka	**bakaður** pečený
steikja	**steiktur** smažený
sjóða	**soðinn** vařený
grilla	**grillaður** grilovaný
reykja	**reyktur** uzený
blanda	**blandaður** míchaný

Drykkir

kaffi (N) káva
te (N) čaj
gos (N) limonáda
vatn (N) voda
safi (M) šťáva, džus
bjór (M) pivo
rauðvín (N) červené víno
hvítvín (N) bílé víno

Á veitingastað

ÞJÓNN: Góða kvöldið. Eruð þið búnar að ákveða ykkur?

JOYCE: Ég ætla að fá lambahrygginn. Mig langar að smakka íslenskt lambakjöt.

ÞJÓNN: Lambahrygginn, já. Og í forrétt?

JOYCE: Enginn forréttur fyrir mig, takk.

ÁSLAUG: Jú, víst verður þú að smakka forrétt! Maturinn er alveg einstakur hér. Er ekkert sem þér finnst girnilegt á matseðlinum?

ÞJÓNN: Kannski má bjóða þér eitthvað létt, blandað salat til dæmis.

JOYCE: Já takk, mér líst vel á það.

ÁSLAUG: Og ég ætla að fá fiskisúpuna, og svo lunda.

ÞJÓNN: Þakka ykkur fyrir. Eitthvað að drekka á meðan þið bíðið?

ÁSLAUG: Þykir þér gott rauðvín Joyce? Eigum við að fá okkur rauðvínsflösku með matnum?

JOYCE: Það væri indælt!

ÞJÓNN: Jæja, hvernig bragðast þetta?

JOYCE: Lambakjötið er ljúffengt, en það vantar svolítinn pipar.

ÞJÓNN: Augnablik, ég skal ná í piparkvörnina.

Hvernig er lundinn á bragðið?

ÁSLAUG: Mér finnst hann vera aðeins of mikið soðinn, en annars er hann meyr og bragðgóður.

ÞJÓNN: Hvað má bjóða ykkur í eftirrétt?

JOYCE: Ekkert, þakka þér fyrir, ég er orðin södd.

ÁSLAUG: Ekki heldur fyrir mig, takk.

ÞJÓNN: Kaffi og koníak í kaffistofunni kannski? Gott fyrir meltinguna!

ÁSLAUG: Já, er það ekki Joyce? Tvo kaffi og koníak, og reikninginn, takk.

Neosobní slovesa

acc + **langa**	*Mig langar í fisk.* Dal bych si rybu. („mě táhne/láká“)
acc + **vanta**	*Vantar þig sítrónu?* Potřebuješ citron? („chybí ti“)
acc + **þyrsta**	*Mig þyrstir.* Mám žízeň.
acc + **dreyma**	*Mig dreymir oft illa.* Často mám zlé sny. („mně se zdá“)
dat + **finnast** (NOM)	*Mér finnst gaman að synda.* Baví mě plavání. („mně přijde zábavné“)
dat + **líða**	*Honum líður vel.* Cítí se dobře. („jemu se daří/vede“)
dat + **lítast á** e-ð	*Hvernig líst þér á það?* Jak se ti to líbí?
dat + **leiðast** (NOM)	*Barninu leiðist í skólanum.* Dítě se ve škole nudí.
dat + **sýnast**	*Henni sýnist það vera rangt.* Domnívá se, že je to špatně. („jí se zdá/jeví“)
dat + **þykja** (NOM)	*Okkur þykir maturinn góður.* Jídlo nám připadá dobré.
dat + **vera**	*Mér er kalt.* Je mi zima.